

Þegar um stórfellt eða itrekað brot er að ræða, má svipta skipstjóra rétti til að gegna skipstjórnarstörfum sem skipstjóri eða stýrimaður um ákveðinn tíma, sem ekki sé skemmri en 3 mánuðir, eða að fullu og öllu. Nú hefur skipstjóri verið sviptur skipstjórnarréttindum um lengri tíma en 3 ár, og getur þá dómsmálaráðherra, þegar 3 ár eru liðin frá sviptingunni, veitt honum réttindin að nýju, enda hafi áður verið leitað álits ráðuneytis þess, sem fer með siglingamálefni, og það lýst sig því samþykkt.

Svipting skipstjórnarréttinda skal gerð með dómi. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti. Nú telur lögreglustjóri, að skipstjóri hafi unnið til réttindasviptingar, og skal hann þá svipta hann skipstjórnarréttindum til bráðabirgða. Réttindasviptingu skal tilkynna skráningarstjóra.

7. (240. gr.). Stórfelld eða endurtekin brot skipstjóra gegn öðrum skyldum samkvæmt lögum þessum en þeim, sem ákvæði 234.—239. gr. taka til, varða sektum eða varðhaldi.
8. (241. gr.). Ákvæði þessa kafla taka einnig til manna, sem gegna starfi skipstjóra í hans stað.
9. (242. gr.). Áður en ráðin er ákæra vegna brota, sem um ræðir í 239. gr., skal leita álits ráðuneytis þess, sem fer með siglingamálefni.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1963. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 69 28. nóv. 1919, lög nr. 40 19. maí 1930, 2.—7. gr., og lög nr. 30 1. febr. 1936.

15. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt 1. gr. laga nr. 40 19. maí 1930, inn í siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914, og gefa þau út svo breytt.

Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Maður, sem kemur erlendis frá til búsetu eða dvalar hér á landi, skal tilkynna viðkomandi sveitarstjórn aðsetur sitt innan 7 daga frá komu til landsins. Undanþegnin þessari skyldu eru þeir, sem dveljast hér skemmri tíma en þrjá mánuði og halda lögheimili í öðru landi, meðan þeir eru hér, enda stundi þeir ekki atvinnu í landinu.

Hver sá, sem fer til útlanda og hættir að eiga lögheimili hér á landi, skal tilkynna það viðkomandi sveitarstjórn, áður en hann fer, og meðal annars upplýsa fullt aðsetur sitt erlendis. Þeir, sem hafa tilkynnt komu til landsins samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar eða verið skyldir til að gera það, skulu tilkynna brottför sína frá því á sama hátt, nema hlutaðeigandi hyggi á endurkomu til landsins eftir dvöl um stundarsakir erlendis.

Heimilt er að ákveða, að fyrirmæli 1. málsg. þessarar greinar skuli ekki taka til námsmanna frá tilteknum löndum eða til erlendra sjómanna á íslenskum fiskiskipum, enda hafi hinir siðarnefndu ekki aðsetur í landi.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, að hver sá, sem flytur lögheimili sitt hingað til lands frá einhverju Norðurlandanna, skuli, um leið og hann fullnægir tilkynningarskyldu samkvæmt 1. málsg. 5. gr., afhenda viðkomandi sveitarstjórn vottorð um flutninginn í nánar tilteknu formi, sem gefið er út af skráningaryfirvaldi í því landi, sem frá er komið. Fjármálaráðherra er einnig heimilt að ákveða, að hver sá, sem flytur lögheimili sitt héðan til einhvers Norðurlandanna, skuli, um leið og hann fullnægir tilkynningarskyldu samkvæmt 2. málsg. 5. gr., fá afhent vottorð um flutninginn, sem gefið er út af þjóðskránni eða af sveitarstjórn í umboði hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja tvær eyðijarðir í Árskógshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu eyðijarðirnar Hrafnagil og Grund í Árskógshreppi fyrir verð, sem dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 22. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.